
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	Raforkuhópur 2005-06
Fundartími:	Þriðjudagur 6. september 2005 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkuspá, hvernig tókst til. 2) Gögn frá Landsneti og uppsetning á úrvinnslu úr þeim. 3) Endurskipulagning starfsins 4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Eymundur Sigurðsson
Ívar Þorsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Agnar Árnason
Gunnar Aðalsteinsson
Sigurður Ágústsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Fjarverandi:

- 1) JV fór yfir kynninguna sem var á nýju raforkuspánni. Hann sagði að Orkustofnun hefði ákveðið að vera ekki með blaðamannafund heldur senda út fréttatilkynningu og henni fylgdi síðan samantekt á helstu atriðum spárinnar. Hann sagði einnig að nefnt hefði verið á fundi í orkuspárnefnd að halda ráðstefnu um orkunotkun heimila og fjalla þá ekki bara um raforku heldur einnig eldsneyti út frá nýjum endurreikningi á eldsneytisspá. Fundarmenn voru sammála um að vel hefði tekist til með kynningu á spánni.
- 2) JV sagðist hafa fengið dæmi um skrá með gögnum frá Landsneti um meðalálág hvers klukkutíma og búið væri að setja upp hleðslu í gagnagrunninn út frá því. Útbúin eru mánaðargildi fyrir vinnslu, innmötun- og úttekt úr flutningskerfinu. Beðið er eftir að fá skrá með öllum gögnum fyrir það sem liðið er af árinu. Hann sagði að tenging raðanna frá Landsneti yfir í skilgreiningar orkuspárnefndar væri skráð inn í töflur í gagnagrunninum og því væri hægt að gera þessa hleðslu sjálfvirka og hún mundi þá væntanlega keyra einu sinni í mánuði. Einnig hefði gagnagrunnur orkutalna verið fluttur frá AFLi til Orkustofnunar og sýndi hann gagnalíkan fyrir grunninn. ES ætlar að kanna hvort gögnin fari ekki að koma frá Landsneti.

- 3) Rætt var um hvort endurreikningur/endergerð raforkuspár ætti að framkvæmast að vori eins og nú var gert eða að hausti eins og venja hefur verið. Ákveðið var að stefna að því að vera tilbúnir með endurreikning 1. júní á næsta ári.
- 4) ES sagði að hann væri að hætta hjá Landsneti og flytja til Egilsstaða. Hann mun þó fyrst um sinni uns nýr starfsmaður verður ráðinn til Landsnets sinna þessu verkefni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:30. Næsti fundur ákveðinn 4. október 2005.

Jón Vilhjálmsson